

Sent í Samráðsgátt
Reykjavík, 19. nóvember 2021

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um velferð alifugla

Vísað er til tilkynningar í Samráðsgátt, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað var umsagna um drög að reglugerð um velferð alifugla, mál nr. 207/2021. Helstu breytingar sem lagðar eru til frá núgildandi reglugerð snúa að hámarksþéttleika fugla á aðgengilegu gólfsvæði í eldihúsum, tínslu alifugla og skilyrði um deyfingu fyrir neyðaraflífun. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni draganna og vilja koma eftirfarandi á framfæri.

1. Almenn

Drög að reglugerðinni voru unnin af vinnuhóp með fulltrúum alifuglabænda, Dýraverndunarsambands Íslands og Matvælastofnunar en allir meðlimir hópsins voru í starfshóp sem samdi núgildandi reglugerð um velferð alifugla nr. 135/2015. Þá sóttu fulltrúar Bændasamtaka Íslands ásamt fulltrúum eggja- og kjúklingabænda innan samtakanna fund með fulltrúum atvinnuvegaráðuneytis þann 26. október sl. þar sem drögin voru kynnt. Fulltrúar bænda komu þar á framfæri athugasemdum um þéttleikaviðmið, aðferðafræði við handsömun og tínslu fugla, reglur um aflífun og tilkynningarskyldu til MAST vegna aflífunar á fleiri en 250 fuglum. Komið hefur verið til móts við flest sjónarmið sem fram komu af hálfu fulltrúa bænda á fundinum frá því að fyrstu drög voru birt. Nokkur atriði þarfnast þó enn umbóta að mati samtakanna, sbr. eftirfarandi.

2. Handsömun og tínsla

Í orðskýringum í 2. gr. vantar skýringar á hugtökunum handsömun og tínsla sem fjallað er um í 11. gr.

3. Neyðaraflífun

Í 13. gr. er fjallað um aflífun slasaðra eða sjúkra alifugla. Í 3. mgr. sömu greinar segir að óheimilt sé að snúa alifugla úr hálslið án undangenginnar deyfingar, óháð þyngd. Ákvæðið gengur lengra en reglugerð ráðsins (EB) nr. 1099/2009 um vernd dýra við aflífun sem tekur til aflífunar í sláturhúsum og á búum, við niðurskurð og neyðaraflífun og reglugerð nr. 911/2012 um vernd dýra við aflífun innleiðir. Í leiðbeiningum sem gefnar eru út af Matvælastofnun og


byggja á reglugerð (EB) nr. 1099/2009 segir um aflífun fugla að heimilt sé að taka fugla úr hálslið með handaflí sem eru innan við 3 kg á þyngd og að deyfing fyrir aflífun með höfuðhöggi sé einungis nauðsynleg fyrir fugla (og önnur tiltekin smádýr) með lífþyngd yfir 5 kg. Lagt er til að framangreind viðmið gildi og telja Bændasamtökin ekki ástæðu til að ganga lengra. Bent er á að erfitt er að framkvæma deyfingu á smærri fuglum og í slíkum tilfellum þarf að vera til staðar sérstakur búnaður sem ekki er hægt að ganga úr skugga um að sé tiltækur í hverju tilfalli. Að því sögðu er lagt til að 3. mgr. 13. gr. verði svohljóðandi: „Heimilt er að snúa alifugla upp að 3 kg úr hálslið án undangenginni deyfingar. Um aflífun alifugla gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 911/2012, um vernd dýra við aflífun.“


4. Niðurlag

Fulltrúar Bændasamtakanna eru reiðubúnir til að koma á fund fulltrúa ráðuneytisins til frekari umræðna og skoðanaskipta um framangreint.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands


Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri.


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir